

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2009

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Íslensk málnefnd hefur með bréfi dags. 23. febrúar 2009 fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á virðisaukaskatti. Lagt er til að vefbækur, rafbækur, bækur á geisladiski og landakort færist á neðra þrep virðisaukaskatts sem verði 7% af sölu þessara vara með sama hætti og af sölu hefðbundinna bóka og hljóðbóka.

Notkun vefbóka af öllu tagi en þó einkum handbóka og orðabóka eykst jafnt og þétt eins og notkun bóka á geisladiskum og mikilvægt er að öllum almenningi gefist kostur á að nýta sér þær á eins hagstæðum kjörum og unnt er. Notkun orðabóka við hvers kyns skrif bætir textann skilyrðislaust, og veforðabækur ýta undir að slíkar handbækur séu notaðar enn meira en þegar er gert. Íslensk málnefnd fagnar því þessari tillögu til breytingar og hvetur til að hún verði samþykkt.

F.h. stjórnar Íslenskrar málnefndar,



Guðrún Kvaran
formaður